



Starfsáætlun 2018

Janúar 2018

AkureyrarAkademían

ISSN: 2298-8831

## Formáli

AkureyrarAkademían (AkAk) er sjálfseignarstofnun sem stofnuð er á grunni Félags sjálfstætt starfandi fræðimanna á Norðurlandi. Í maímánuði 2015 undirrituðu AkAk og Mennta- og menningarmálaráðuneytið samstarfssamning, með hliðsjón af staðfestri skipulagsskrá stofnunarinnar, fyrir árin 2015-2017.

Samningurinn við ráðuneytið er gríðarlega mikilvægur fyrir starfsemi AkAk. Hann leggur grunn að fjárhagslegum rekstri og gerir stofnuninni kleift að virkja hugmyndir sem skapast innan samfélagsins í AkAk, og hrinda þeim í framkvæmd.

Árið 2018 mun AkAk standa fyrir ýmsum viðburðum svo sem fyrirlestraröð á Öldrunarheimilum Akureyrarbæjar, hagnýtri fræðslu og samræðuþingi um stjórnmal fyrir konur, bókakynningu, gerð jafnréttisáætlunar og vinnu við stefnumótun fyrir stofnunina.

Á starfsárinu mun AkAk kappkosta að styrkja enn frekar stöðu sína sem rannsókn- og fræðasetur á Norðurlandi líkt og undanfarin ár.

## Stjórn og starfsmaður

Á ársfundi AkAk þann 17. maí 2017 var kosið í stjórn og fulltrúaráð. Starfsárið 2017-2018 eru eftirtaldir í stjórn:

Bergljót Þrastardóttir, formaður

Ólafur B. Thoroddsen, gjaldkeri

Steinunn Arnars Ólafsdóttir, ritari

Í fulltrúaráði sitja ásamt stjórnarmönnum:

Arndís Bergsdóttir

Martina Huhtamaki

Sigurgeir Guðjónsson

Valgerður S. Bjarnadóttir

Kristín Heba Gísladóttir starfar sem framkvæmdastjóri stofnunarinnar í 70% starfshlutfalli.

Enn er unnin mikil sjálfboðavinna innan stofnunarinnar bæði af stjórnarmönnum og fulltrúum innan AkAk. Lögð er áhersla á að þeir sem leigja vinnuaðstöðu í húsnæði AkAk við Háhlíð 1 starfi fyrir stofnunina til dæmis við undirbúning hinna ýmsu viðburða og dagleg störf innan veggja hússins.

## Húsnæði

AkureyrarAkademían er staðsett að Háhlíð 1 á Akureyri en húsnæðið er í eigu Akureyrarbæjar. Í húsnæðinu var starfræktur leikskóli og síðar skammtímavistun þar til AkAk fékk húsið á leigu. Þar eru fjórtán vinnupláss og vinnuaðstaða fyrir verkefnastjóra. Funda- og kaffiaðstaða er einnig í húsinu. Leigusamningur AkAk við Akureyrarbæ hefur tvisvar sinnum verið framlengdur um eitt ár. Ljóst er að óvissa ríkir áfram um húsnæðismál stofnunarinnar en leigusamningurinn rennur út í lok árs 2018. Framkvæmdastjóri og stjórn hafa fundað með forsvarsmönnum Akureyrarbæjar vegna framlengingar á leigusamningnum og eru bæjaryfirvöld jákvæð gagnvart AkAk, enda er stofnunin mikilvægur hluti samfélagsins á Norðurlandi.

Í ljósi þeirrar óvissu sem ríkir um húsnæðismál stofnunarinnar var ákveðið að fram færi þarfagreining innan stofnunarinnar. Fyrsta skrefið í þarfagreiningunni var að leggja fyrir könnun meðal leigjenda í AkAk þar sem spurt var um hvaða þættir væru mikilvægastir varðandi vinnuaðstöðuna. Á starfsárinu verða niðurstöður könnunarinnar greindar og niðurstöðurnar ræddar. Teknar verða saman helstu niðurstöður og þær hafðar til hliðsjónar ef kemur að því að finna verði nýtt húsnæði fyrir stofnunina.

Frá stofnun hefur AkureyrarAkademían leigt út vinnuaðstöðu fyrir sjálfstætt starfandi fræðimenn, meistara- og doktorsnema frá stofnun. Fastur kjarni sjálfstætt starfandi fræðafólks og doktorskandídata starfar í húsinu en aðrir staldra styttra við. Nú er svo komið að á vissum tímum hefur verið biðlisti eftir vinnuaðstöðu í AkAk, þó reynslan sýni að minni eftirspurn sé á öðrum tímum, t.d. yfir hásumarið.

Þeir fræðimenn og nemar sem starfa í húsnæði AkAk njóta félagsskapar og stuðnings og geta leitað eftir faglegri aðstoð og ábendingum við störf sín. Það er ómetanlegt öllum fræðimönnum að geta viðrað hugmyndir sínar og aðferðir við samverkamenn sem stunda rannsóknir, jafnvel á óskildum sviðum vísinda og fræða.

## Verkefni starfsársins

### KONUR UPP Á DEKK! HAGNÝT FRÆÐSLA OG SAMRÆÐUÞING UM STJÓRNMÁL

AkureyrarAkademían, Jafnréttisstofa og JCI sproti standa fyrir „Konur upp á dekk! Hagnýt fræðsla og samræðuþing um stjórnmál“ sem fram fer tvo laugardaga, þann 27. janúar og 3. febrúar. Fyrri daginn verður fjallað um ýmsa þætti í stjórnmálastarfi s.s. stjórnsýsluna, áhrif #MeToo og siðferði. Stjórnmálaflokkunum verður jafnframt boðið að taka þátt með því að senda konu sem starfar innan flokksins sem þátttakendur gætu haft samband við hefðu þeir áhuga á að taka þátt í flokksstarfinu.

Dagskrá laugardagsins 27. janúar er eftirfarandi:

1. *Konur og stjórnmál, staðan í dag*  
Tryggvi Hallgrímsson, sérfræðingur hjá Jafnréttisstofu
2. *Siðferði í stjórnmálum*  
Sigurður Kristinsson, prófessor í heimspeki við Háskólann á Akureyri
3. *#MeToo – hvað svo?*  
Albertína Friðbjörg Elíasdóttir, alþingiskona og fv. bæjarfulltrúi
4. *Stjórnsýslan og nefndarstörf*  
Halla Björk Reynisdóttir, fv. bæjarfulltrúi
5. *Það sem ég hefði viljað vita áður en ég fór í stjórnmál*  
Hanna Birna Kristjánsdóttir, stjórnarformaður Women Political Leaders, fv. ráðherra og borgarstjóri

Dagskrá laugardagsins 3. febrúar er eftirfarandi:

1. *Samræðustjórnmal*

Hvaða aðferðum beitum við til að koma sjónarmiðum okkar á framfæri án þess að ráðast á skoðanir annarra? Í þessum hluta skoðum við samningatækni, ábyrgð þeirra sem að málinu koma og hvernig við leysum úr ágreiningi til að komast að farsælli lausn.

Arna Björk Gunnarsdóttir og Svava Arnardóttir, JCI Sproti.

2. *Fundarsköp*

Að kunna umferðareglur funda er grundvallaratriði til að vera virkur í umræðum og ákvörðunartöku. Farið verður yfir helstu atriði fundarskapa og stjórnun funda.

Arna Björg Gunnarsdóttir og Svava Arnardóttir, JCI Sproti.

3. *Ræðumennska*

Hér verður farið yfir grundvallar atriði ræðumennsku og hvernig við náum til fólks í töluðu máli.

Arna Björk Gunnarsdóttir og Svava Arnardóttir, JCI Sproti.

4. *Samfélagsmiðlar*

Hvernig er hægt að nýta sér þá?

Vigdís Jóhannsdóttir, aðstoðarframkvæmdastjóri Pipar-BTWA og fv. kosningastjóri.

Bergljót Þrastardóttir, stjórnarformaður AkureyrarAkademíunnar er fundarstjóri báða dagana og stýrir jafnframt umræðum.

**FYRIRLESTRARÖÐ Á ÖLDRUNARHEIMILUM AKUREYRARBÆJAR**

Fyrirlestraröð Félags sjálfstætt starfandi fræðimanna á Norðurlandi hófst á haustmánuðum 2007 og hefur verið fastur liður í starfinu síðan. Fjölbreyttur og breiður hópur fræði- og leikmanna hafa skipst á skoðunum um fræði og vísindi undir þessum formerkjum. Starfsárið 2016-2017 kviknaði sú hugmynd að breyta fyrirkomulaginu á fyrirlestraröðinni. Í gegnum tíðina hafa eldri borgarar á Akureyri og nágrenni verið áberandi hluti þeirra gesta sem sótt hafa fyrirlestra á vegum stofnunarinnar. Elstu íbúar byggðarlagsins, þeir sem búa á öldrunarheimilum, hafa hins vegar ekki séð sér fært að mæta. Sú hugmynd kom því fram að bjóða fyrirlestra á heimilum þeirra, þar sem aðgengi er gott og öll aðstaða til fyrirmyndar. Framtakið vakti mikla ánægju meðal íbúa, starfsfólks og ekki síst þeirra fræðimanna sem tóku þátt í verkefninu.

Starfsárið 2016-2017 voru allir fyrirlestrarnir fjórir sem þá voru haldnir vel sóttir bæði af íbúum á öldrunarheimilunum sem og meðan annara bæjarbúa. Því ákvað stjórn AkAk að standa aftur fyrir fyrirlestraröð á öldrunarheimilunum starfsárið 2017-2018. Fulltrúum AkAk var boðið að senda inn hugmyndir að erindum vegna fyrirlestraraðarinnar og bárust alls 11 tillögur. Forsvarsmönnum Öldrunarheimilanna voru afhentar tillögurnar og völdu heimilismenn og starfsfólk þrjú erindi. Fyrirlestraröðin fer fram í sal Öldrunarheimilisins Hlíðar.

Dagskrá fyrirlestraraðarinnar er svohljóðandi:

16. febrúar 2018

*Vélstjórafélag Akureyrar (1919-1967)*  
Sigurgeir Guðjónsson, sagnfræðingur.

9. mars 2018

*Hvallátrar – sveitin mín vestur í Útvíkum*  
Ólafur B. Thoroddsen, kennari og landfræðingur.

13. apríl 2018

*Vinna kvenna í Eyjafirði – falin og ófalin – á fyrri helmingi 20. aldar*  
Erindi með söngvum. Margrét Guðmundsdóttir, sagnfræðingur, og Þórarinn Hjartarson, syngjandi sagnfræðingur.

Erindi Margrétar Guðmundsdóttur, sagnfræðings, og Þórarins Hjartarsonar, sagnfræðings, verður flutt tvisvar. Fyrirlestur verður í sal Öldrunarheimilisins Hlíðar en einnig verður boðið upp á erindið á Öldrunarheimilinu Lögmannshlíð nokkru síðar. Íbúar þar hafa ekki kost á að sækja erindin á Hlíð en tækifæri gefst til að sækja þau heim einu sinni.

Vonir standa til að jafn vel takist til með fyrirlestraröðina starfsárið 2017-2018. Fyrirlestraröðin hefur hlotið styrk frá Samfélagssjóði Norðurorku.

#### FUNDUR FÓLKSINS

Fundur fólksins er lýðræðishátíð sem er ætlað að hvetja til lýðræðispáttöku almennings og vera vettvangur þeirra sem vilja ræða málefni samfélagsins. Haustið 2017 var hátíðin haldin í Hofi Akureyri. AkAk ásamt Umhverfisstofnun tóku þátt með því að bjóða upp á fræðslu um umhverfisvernd. Viðburðurinn heppnaðist vel og var vel sóttur. AkAk mun standa fyrir erindi á Fundi fólksins haustið 2018 ef ákveðið verður að halda hátíðina í annað sinn á Akureyri.

## BÓKAKYNNING

AkAk hefur undanfarin ár staðið fyrir bókakynningu í desember í samstarfi við Amtsbókasafnið. Fyrirhugað er að bjóða upp á kynningu á bókum í desember 2018.

## ENDURNÝJUN SAMNINGS VIÐ MENNTA- OG MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTI

Grunn forsenda starfs AkureyrarAkademíunnar er samningur við Mennta-og menningarmálaráðuneytið ásamt fjármagni. Frá því að aðilarnir gerðu samning sem tryggði stofnuninni fjármagn hefur starfsemin vaxið og dafnað. Fjármagnið gerir stofnunni kleyft að hafa framkvæmdastjóra í vinnu en umfang starfseminnar er mun meira en hægt er að krefjast af fólki í sjálfbodastarfi. Það er því ljóst að framtíð stofnunarinnar er háð endurnýjun samningsins við ráðuneytið sem er mikilvægasta verkefni starfsársins.

## SAMSTARFSSAMNINGUR AKAK OG HA

Þann 17. maí 2017 undirrituðu AkureyrarAkademían og Háskólinn á Akureyri nýjan samstarfssamning sem gildir til þriggja ára. Samstarfssamningurinn felur í sér skuldbindingu til að standa fyrir að minnsta kosti einni sameiginlegri ráðstefnu á samningstímanum. AkAk veitir nú HA upplýsingar um þá aðila sem starfa innan AkAk fyrir upphaf hvernar annar og er það liður í hinum nýja samstarfssamningi að auka upplýsingaflæði milli stofnananna svo betur sé hægt að nýta þá sérfræðiþekkingu sem til staðar er á svæðinu.

## SAMSTARFSSAMNINGUR AKAK OG REYKJAVÍKURAKADEMÍUNNAR (RA)

AkAk og RA hafa unnið að gerð samstarfssamnings milli stofnananna. Í gegnum tíðina hafa aðilarnir átt gott samstarf og er vilji beggja aðila að gera formlegan samning.

## HEIMASÍÐA

Stjórn AkureyrarAkademíunnar hefur lagt mikla áherslu á að efla og viðhalda heimasíðu stofnunarinnar sem hefur verið tekin til gagngerar endurskoðunar. Á heimasíðunni eru aðgengilegar upplýsingar um stofnunina, innanhúsfólk, vinnuaðstöðu, stjórn, fulltrúaráð o.fl. Heimasíðan er fyrst og fremst notuð til að koma á framfæri þeim verkefnum sem stofnunin vinnur að auk þess að birta fréttir um störf fulltrúa.



## STEFNUMÓTUNARÞING

Stjórn AkureyrarAkademíunnar hefur um nokkurt skeið áætlað að hefja stefnumótunarvinnu fyrir stofnunina. Eftir að Félagi sjálfstætt starfandi fræðimanna á Norðurlandi var breytt í sjálfseignarstofnun er þörf á að hugleiða framtíð stofnunarinnar, hvaða hlutverki hún á að gegna í samfélagi fræðimanna sem og í samfélaginu almennt og hvaða sérstöðu hún hefur eða getur markað sér.

Í ljósi óvissu með fjármögnun og húsnæðismál stofnunarinnar hefur enn ekki verið boðað til stefnumótunarþings meðal fulltrúa en áætlað er að vinnan muni hefjast árið 2018.

## UMHVERFISVERND

Á starfsárinu verður lögð áhersla á að leita allra leiða til að auka umhverfisvitund meðal innanhúsfólks í AkureyrarAkademíunni og búa þannig um hnútana að starfsemi stofnunarinnar hafi sem minnst áhrif á umhverfið. Sorp hefur verið flokkað undanfarin ár og verður því haldið áfram og lögð áhersla á að endurvinna eins mikið og kostur er og fylgst með magni sorps sem frá stofnuninni kemur. Lögð verður áhersla á að nota eingöngu umhverfisvottaðar ræsti- og hreinlætisvörur, auk þess að spara vatn og rafmagn. Fulltrúar verða hvattir til að koma með ábendingar og tillögur um aukna umhverfisvernd. Innan AkAk starfa margir aðilar til lengri og skemmri tíma og er það mikilvægur hluti af samfélagslegri ábyrgð stofnunarinnar að sýna gott fordæmi í umhverfisvernd.

## ÞJÓNUSTA VIÐ LEIGJENDUR

Innan stofnunarinnar er sífellt verið að leita leiða til að auka þjónustu við þá aðila sem leigja vinnuaðstöðu. Doktorsnemar eru starfandi innan stofnunarinnar og sökum búsetu sinnar hafa þeir ekki jöfn tækifæri á að sækja doktorsvarnir líkt og þeir sem búa á höfuðborgarsvæðinu. Ákveðið hefur verið að AkAk bjóði þeim sem undirbúa doktorsvörn að æfa sig innan stofnunarinnar áður en vörnin fer fram þar sem doktorskandídatinn flytur erindi sitt. Í kjölfarið er doktorskandídatinn spurður út í verkið og honum gefin góð ráð varðandi framkomu.

## JAFNRÉTTISÁÆTLUN OG VERKFERLAR

Samkvæmt lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr 10/2008 ber vinnustöðum þar sem eru fleiri er 25 starfsmenn að setja sér jafnréttisáætlun. Innan AkAk er eingöngu einn starfsmaður en þar starfa að jafnaði 15 manns á hverjum tíma. Stjórn AkAk hefur tekið ákvörðun um að fela framkvæmdastjóra vinnu við gerð jafnréttisáætlunar fyrir stofnunina. Jafnframt telja stjórnendur stofnunarinnar mikilvægt að stofnunin setji sér verkferla um hvernig bregðast eigi við einelti, kynbundnu ofbeldi og áreiti.

Rafræn könnun hefur farið fram meðal leigjenda á líðan á vinnustaðnum auk þess sem spurt var um hvort viðkomandi hefðu orðið fyrir einelti, áreiti eða kynbundnu ofbeldi. Samkvæmt niðurstöðum könnunarinnar er starfsandi góður og leigjendum líður vel á vinnustaðnum. Könnun um starfsánægju verður lögð fyrir í lok hvers árs hér eftir.